

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1994

11. febrúar 1994

221

Nr. 68

AUGLÝSING

um útreikning afla skipa er salta afla um borð.

1. gr.

Eftir vigtun á afla saltfiskskipa skv. 20.-23. gr. reglugerðar nr. 427/1993, um vigtun sjávarafla skal heildarþunginn margfaldaður með 1.981 til þess að reikna út afla skipsins, miðað við slægðan fisk með haus.

Landi skip söltuðum flökum skal, eftir vigtun aflans skv. 20.-23. gr. reglugerðar nr. 427/1993, margfalda þunga flakanna með 1.428. Síðan skal við útreikning á afla skipsins, miðað við slægðan fisk með haus, leggja til grundvallar afurðastuðla skv. 3. gr. reglugerðar nr. 481/1990, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í vinnsluskipum eða afurðastuðla, sem fengist hafa með nýtingarmælingum um borð í veiðiskipinu í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 481/1990.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 11. febrúar 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

8. febrúar 1994

Nr. 69

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að einstefna verði á Öldugötu frá Framnesvegi að Bræðraborgarstíg.
2. að einstefna verði á Baldursgötu frá Freyjugötu að Þórsgötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. febrúar 1994.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. febrúar 1994.

Böðvar Bragason.

B 16
Steindórsprent Gutenberg hf.